

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 101/1977 um breytingu á reglugerð nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

1. gr.

4. gr. 3. mgr. reglug. nr. 101/1977 sbr. 9. gr. 6. tl. reglugerðar nr. 250/1976 orðist svo:

9.6. Séu kjöt og kjötvörur, fiskur og fiskmeti eða aðrar viðkvæmar neysluvörur, t. d. álegg seldar í luktum umbúðum (þar á meðal niðurlagt lagmeti) eða hraðfrystar, skal á pökkunarstað skráð dagsetning á umbúðir og síðasti leyfilegur söludagur þannig: „Pakkað“ „Síðasti söludagur“.

Sé um að ræða niðursoðið lagmeti skal á pökkunarstað skrá framleiðsluár vörunnar á umbúðir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og með stoð í lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og með stoð í lögum nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi 1. janúar 1980. Jafnframt öðlast ekki gildi reglugerð nr. 446/1979 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. desember 1979.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

fyrir Sjúkrahús Suðurlands og heilsugæslustöð Selfoss.

1. gr.

Sjúkrahúsið er almennt sjúkrahús og í starfstengslum við það heilsugæslustöð Selfoss.

2. gr.

Heilsugæslustöðin er H2 stöð.

Starfssvæði heilsugæslustöðvarinnar er Villingaholtshreppur, Hraungerðis-hreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfoskaupstaður, Grafnings-hreppur, Eyrarbakkahreppur og Stokkseyrarhreppur.

3. gr.

Sjúkrahús Suðurlands og Heilsugæslustöð Selfoss verða rekin sem ein stofnun, hér eftir í reglugerð þessari nefnd stofnunin. Eigendur stofnunarinnar eru: Ríkis-sjóður, Árnessýsla, Rangárvallasýsla, V-Skaftafellssýsla, Selfoskaupsstaður og Selfoss-heilsugæslustarfssvæði í réttu hlutfalli við framlög.

Þær eignir, sem stofnuninni kunna að áskotnast, verða á sama hátt sameiginlegar.